

Skrá þessi sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skal öðlast gildi við birtingu.

*Ísafirði, 31. janúar 2005.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingarnar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Reynilund 10.*

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til suðurs.

*Breyting á deiliskipulagi við Óttuhæð 1.*

Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur er stækkaður til suðurs.

Ofangreindar skipulagsbreytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 8. febrúar 2005.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um skrá Grindavíkurbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Listi yfir þá sem falla undir 5.–8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hjá Grindavíkurbæ:

Bæjarstjóri.	Skólastjóri grunnskóla Grindavíkur.
Fjármálastjóri.	Aðstoðarskólastjóri grunnskóla Grindavíkur.
Félagsmálastjóri.	Skólastjóri leikskólans í Laut.
Skólamálafulltrúi.	Forstöðumaður íþróttamannvirkja.
Deildarstjóri launadeildar.	Forstöðumaður Þrumunnar
Umsjónarmaður eigna.	Skólastjóri Tónlistarskóla.
Slökkviliðsstjóri.	Forstöðumaður bókasafns.
Slökkviliðsmenn, 19 menn.	Hafnarstjóri.

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Grindavík, 1. febrúar 2005.*

**Jón Þórisson** fjármálastjóri.